



4.bekkur

Kennsluáætlanir



Efnisyfirlit

Enska	bls 3
Heimilisfræði	bls 5
Hönnun og smíði	bls 7
Íslenska	bls 9
Íþróttir	bls 12
Leiklist	bls 14
Náttúrugreinar	bls 16
Samfélagsgreinar	bls 19
Sjónlistir	bls 22
Stærðfræði	bls 24
Sviðslistir	bls 30
Textílmennt	bls 32
Upplýsingamennt	bls 34



Enska

Lýsing: Unnið með grunnorðaförð daglegs lífs, ég, fjölskylda, vinir, nánasta umhverfi

Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- Að læra einfaldar setningar í samskiptum í kennslustofunni.
- Að læra að kynna sig og segja frá fjölskyldu sinni og áhugamálum.

Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Grunnefni: Work out. Vinnubók Dickory . Orðasjóður, námsefni til málörvunar ásamt útprentun á stökum vinnublöðum tengd kennslu hverju sinni.
- Léttlestrarbækur. Ipad, kennsluefni í ensku fyrir byrjendur.

Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Innlögn kennsluefnis dagsins. Söngur tengdur viðfangsefni kennslustundar, litað og teiknað í vinnubók. Horft á enskar myndir /þætti á Netflix.
- Málörvun, sbr. spurt og svarað.

Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Virgni í kennslustundum og vinnubókarmat. Sjálfsmat.



Enska

Viðmið úr námskrá

Enska 4.bekkur – Hlustun

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Enska 4.bekkur - Lesskilningur

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.

Enska 4.bekkur - Samskipti

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.

Enska 4.bekkur - Frásögn

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.



Heimilisfræði

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

- Umgengni í eldhúsi og meðhöndlun eldhúsáhalda og tækja, einnig hvað þarf að varast.
- Áhersla lögð á vinnugleði, kurteisi og snyrtimennsku.
- Nemendur læra sjálfstæði í vinnubrögðum.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Heimilisfræði 4
- Ýmsar uppskriftabækur
- Uppskriftir af vef

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Innlögn, sýnikennsla og verklegar æfingar ásamt vinnubók.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Fari eftir fyrirmælum kennara
- Sýni öðrum kurteisi og tillitssemi
- Sýni frumkvæði og áhuga
- Taki virkan þátt í tímum
- Eigi góð samskipti við aðra
- Gangi vel og snyrtilega um

Kennari: Anna Rósa Vigfúsdóttir



Heimilisfræði

Viðmið úr námskrá

GF heimilisfræði 4.bekkur - Matur og lífshættir

- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.

GF heimilisfræði 4.bekkur - Matur og vinnubrögð

- Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.
- Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.
- Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.



Hönnun og smíði

Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- Við ætlum að læra að bora, saga, pússa. Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.

Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Við notum smíðabækur, teikningar og tölvur til þess að fá hugmyndir.

Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Hlusta vel og reyna að gera sitt besta.

Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Metið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla.

Kennari: Constantin Bors



Hönnun og smíði

Viðmið úr námskrá

GF hönnun og smíði 4. bekkur - Handverk

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- Gert grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með.

GF hönnun og smíði 4. bekkur - Hönnun og tækni

- Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Framkvæmt einfaldar samsetningar.

GF hönnun og smíði 4. bekkur - Umhverfi

- Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar

Íslenska

Markmið – Hvað ætlum við að læra?

Íslenskunámið skiptist í eftirfarandi flokka:

1. Talað mál, hlustun og áhorf
2. Lestur og bókmenntir
3. Ritun
4. Málfræði

Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Allt námið er skipulagt í kringum fjölbreytt úrval bóka t.d. sögubækur, fræðibækur, lestrarbækur og ljóðabækur. Auk þess nota nemendur ritunarbækur, stílabækur og sögubókina. Nemendur nota ipada og tölvur við ákveðin viðfangsefni.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Áhersla er lögð á lestur og ritun auk hlustunar, tjáningar og málfræði- og stafsetningarvinnu. Unnið er einstaklingslega, í litlum hópum og paravinnu.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Notað er bæði kennara- og sjálfsmat þar sem nemendur og kennarar setja markmið og kennarar veita endurgjöf. Kennarar merkja við hæfniviðmið á Mentor þegar nemendur hafa náð tökum á þeim.

Kennarar: Ásta Lovísa Páldóttir, Halla Óladóttir og Mundína Valdís Bjarnadóttir

Íslenska

Viðmið úr námskrá

GF íslenska 4. bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

GF íslenska 4. bekkur - Lestur og bókmenntir

- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.

Íslenska

Viðmið úr námskrá

GF íslenska 4. bekkur – Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

GF íslenska 4. bekkur - Málfræði

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.
- Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.



Íþróttir

Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum
- Notað einföld hugtök sem tengjast íþróttum og líkamlegri áreynslu
- Þekkt heiti helstu líkamshluta, magn- og afstöðuhugtaka og hreyfinga
- Gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum, tekið þátt í hinum ýmsu leikjum og æfingum
- Tekið þátt í umræðum um ýmis samskiptaform, s.s. jákvæð samskiptaform eins og hvatningu og hrós, neikvæðum samskiptaformum eins og stríðni og einelti.

Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Notumst við þau áhöld sem eiga við hverju sinni; bolta, sippubönd, kistur, kubba, dýnur, trampolín, kaðla, badmintonspaða o.fl.

Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Fjölbreyttar verkefnamiðaðar kennsluaðferðir. Leiðsögn frá kennara, umræður, sýnikennsla, einstaklings- para- eða hópavinna og æfingar.

Íþróttir

Viðmið úr námskrá

GF íþróttir 1.-4.bekkur - Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Gert æfingar sem reyna á þol.
- Sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum.
- Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.

GF íþróttir 1.-4.bekkur - Félagslegir þættir

- Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.
- Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum.
- Tekið vel eftir fyrirmælum og unnið í samræmi við þau.

GF íþróttir 1.-4.bekkur - Heilsa og efling þekkingar

- Skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.
- Tekið þátt í útivist og búið sig til útiveru með tilliti til veðurs. Ratað um skólahverfi sitt og þekkt göngu- og hjólaleiðir nærumhverfis.
- Gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum.

GF íþróttir 1.-4.bekkur - Öryggis og skipulagsreglur

- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

Leikslist

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

- Að koma fram og taka þátt í leikrænu ferli.
- Að læra stuttan texta og flytja hann á skýran hátt fyrir áhorfendur.
- Að sýna viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum og sýna skólasystkinum okkar tillitssemi.
- Að setja saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi.
- Að þjálfast í því að setja sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og taka þátt í viðtali sem ákveðin persóna.
- Að segja frá og lýsa leiknu efni á sviði og/eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum í verkinu.
- Að nota einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.
- Að geta notað eifalt form leiklistar.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Ævintýrabækur

Leikrit

Leiki

Spil

Myndbönd

Söngur

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Sjálfstæð skapandi vinnubrögð og samvinnunám

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Símat eins og kennaramat/leiðsagnarmat og sjálfsmat

Kennarar: Ásta Lovísa Páldóttir og Halla Óladóttir

Leikslist

GF sviðslistir 4. bekkur - Leiklist

- Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi.
- Lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur.
- Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum.
- Sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi.
- Sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna.
- Lýst leiknu efni á sviði og/eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum í verkinu.
- Notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.
- Beitt einföldu formi leiklistar.

Náttúrugreinar

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Að nemendur geri sér grein fyrir ábyrgð sinni á umhverfi sínu og gildi náttúrugreina í nútímanum. Kynnist nýsköpun og öðlist getu til aðgerða. Læri vinnubrögð og nái færni í náttúrugreinum. Viðfangsefni eru náttúra Íslands, lífsskilyrði manna á jörðinni og samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.

Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Komdu og skoðaðu himingeiminn

Komdu og skoðaðu landnámið

Komdu og skoðaðu sögu mannkyns

Komdu og skoðaðu eldgos

Komdu og skoðaðu þjóðhætti.

Tilraunir úr bókinni Umhverfið og af vef.

Ýmis töl eins og stækkunargler, víðsjár notuð til að skoða hina ýmslu hluti úr náttúrunni.

Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Innlagnir, sýnikennsla, umræður, athuganir, vettvangsferðir, leikir, skrifleg og verkleg verkefni, samvinnuverkefni, tilraunir og skýrslugerð.

Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Virkni, áhugi, færni og hegðun eru þeir þættir sem metnir verða jafnt og þétt allan veturinn. Leiðsagnamat samhliða vinnu nemenda, ýmist skrifleg eða munnleg.

Náttúrugreinar

Viðmið úr námsskrá

GF náttúrugreinar verklag 4. bekkur - Geta til aðgerða

- Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.
- Tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum.

GF náttúrugreinar verklag 4. bekkur - Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í daglegu umhverfi fólks, fundið lausn, hannað afurð.

GF náttúrugreinar verklag 4. bekkur - Vinnubrögð og færni

- Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.
- Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.
- Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.
- Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt.

Náttúrugreinar

Viðmið úr námsskrá

GF náttúrugreinar verklag 4. bekkur - Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum.

GF náttúrugreinar viðfangsefni 4. bekkur - Lífsskilyrði manna

- Lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf.

GF náttúrugreinar viðfangsefni 4. bekkur - Náttúra Íslands

- Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.

GF náttúrugreinar viðfangsefni 4. bekkur - Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- Flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra.

Samfélagsgreinar

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Markmiðið er að efla skilning nemenda á mismunandi viðhorfum til umhverfis og auðlinda.

- Að nemendur kynnist lífsháttum áður fyrr, menningu og sögu.
- Að nemendur kynnist hvernig hægt er að nota lýðræðisleg vinnubrögð innan fjölskyldu, í vinahópi, skólanum eða í samfélaginu almennt.
- Unnið út frá grunnþáttunum sex: Jafnrétti, mannréttindi og lýðræði, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, læsi og sköpun.
- Fræðst um söfn í heimabyggð.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Ísland áður fyrr,
- Ísland landið okkar,
- Komdu og skoðaðu himingeiminn,
- Komdu og skoðaðu landnámið,
- Komdu og skoðaðu sögu mannkynsins,
- Komdu og skoðaðu eldgos
- Komdu og skoðaðu þjóðhætti
- Notast er einnig við ipada og námsefni þessu tengt á mms.is.
- Unnið í þemum.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Unnið í þemum út frá kennsluaðferðum tröppu, einstaklingsvinnu, samvinnu og hópverkefnum.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Sjálfsmat eftir hvert þema og símat kennara.

Samfélagsgreinar

Viðmið úr námskrá

GF samfélagsgreinar 4. bekkur

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú.
- Áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa.
- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.
- Bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu.
- Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni
- Lýst kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu.
- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- Sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- Aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.
- Komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.
- Nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.

Samfélagsgreinar

Viðmið úr námskrá

GF samfélagsgreinar 4. bekkur – Reynsluheimur

Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.
- Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.

GF samfélagsgreinar 4. bekkur – Hugarheimur

Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.

GF samfélagsgreinar 4. bekkur - Félagsheimur

Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín

við aðra

- Sett sig inn í málefni nærsamfélagsins.

Sjónlistir

Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- Þekkja litina, grunnlitina og muninn á heitum og köldum lit
- Tjá tilfinningar, skoðanir og hugarheim okkar í myndverki á einfaldan hátt
- Greint mismunandi aðferðir í listsköpun
- Hvernig við getum endurnýtt hluti eins og pappír
- Vinna í þrívídd

Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Málningu, pensla, blýanta, pappír, lím, og alla liti (tré-, túss-, klessu-, vax-, krítarliti og fleira)
- Námsefni búið til af kennara
- Hugmyndir frá nemendum

Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Einstaklingsvinna, hópaverkefni, þemanám, samþætting námsgreina og skapandi verkefni.

Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Metið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla. Símat jafnt og þétt yfir veturinn ásamt sjálfsmati.

Kennari: Birgitta Þorsteinsdóttir

Sjónlistir

Viðmið úr námskrá

GF sjónlistir 4.bekkur - Sjónlistir

- Fjallað um eigin verk og annarra.
- Greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans.
- Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.
- Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.

Stærðfræði

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

- Hnitakerfið
- Tölur stærri en 1000 og minni en 0
- Samlagning og frádráttur
- Tími, klukka
- Margföldun og deiling
- Samhverfa og mynstur
- Ummál og flatarmál
- Mælingar og tugabrot
- Almenn brot
- Reikningur
- Tölfræði

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Nemendur: Sproti 4a nemendabók og æfingahefti, Sproti 4b nemendabók og æfingahefti.

Kennarar: Sproti kennarabók

Gögn: Tölvur, ipad, osmo, numicon, spil, leikir, myndbönd og hefðbundin stærðfræðigögn, ásamt öðru tengdu efni

Stærðfræði

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Náminu er skipt í lotur þar sem farið er í hvert viðfangsefni á fjölbreyttan máta þar sem nemendum gefst færi á að velja hvaða leiðir og gögn henta þeim. Unnið er bæði í hópum og einstaklingsvinnu. Stundum hálfur bekkurinn í senn og stundum allar í einu.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Nemendur sýna fram á skilning og hæfni með skriflegu stöðumati og/eða samtali við kennara eftir hverja lotu. Veitt er endurgjöf eftir þörfum og stöðumat endurtekið eftir þörfum hvers og eins. Allt mat er skráð á Mentor.

Stærðfræði

Viðmið úr námskrá

GF stærðfræði 4. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleiðum og fylgt röksemdafærslu annarra.
- Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.

GF stærðfræði 4. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra.
- Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.

GF stærðfræði 4. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.

Stærðfræði

Viðmið úr námskrá

GF stærðfræði 4. bekkur - Tölur og reikningur

- Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Notað tugakerfisrithátt.
- Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.

GF stærðfræði 4. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.
- Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.

Sund

Markmið – Hvað ætlum við að læra?

Að nemendur klári 5.sundstig.

Að nemendur bæti færni sína og tækni í sundi.

Að nemendur líði vel í vatni.

Að nemendur fylgi fyrirmælum og leikreglum.

Að nemendur geti unnið í hóp og taki virkan þátt í kennslustundum.

Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Engar bækur eða gögn eru notuð í náminu en ýmis áhöld eru notuð við kennsluna, s.s. kútar, korkur, blöðkur, hringir, boltar o.s.frv.

Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Fjölbreyttar kennsluaðferðir, þar sem bæði einstaklings- og hópkennsla er notuð.

Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Námið er metið í kennslustundum þar sem nemendur eru metnir í hverri kennslustund í einhverju af námsmatsatriðunum.

Sund

Viðmið úr námskrá

GF sund 5.bekkur

- 10m flugsundsfótatök
- 25m skólabaksund
- Fylgir fyrirmælum
- Kafa eftir hlut eftir 5m sund
- Troða marvaða í 25 sek
- 15m baksund
- 25m skriðsund
- Fylgir leikreglum
- Stunga af bakka
- 25m bringusund
- 75m bringusund-klára
- Getur unnið í hóp
- Tekur virkan þátt

.

Sviðslistir - Dans

Leitast verður við að þjálfar nemendur í grunnþáttum dansins og markvissum dansleikjum. Dans eflir hreyfiproska nemenda og sjálfsvitund, hann stuðlar að eðlilegum samskiptum, eflir sjálfsöryggi og er gleðigjafi sem vinnur gegn streitu.

Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- Markmið okkar er að hreyfa okkur í takt við tónlist og hafa gaman af því að dansa. Við lærum barnadansa og einfalda paradansa, ásamt því að læra samskiptareglur og kurteisisvenjur í dansi.

Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Námssefnið kemur frá danskennara

Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Kennsluaðferðirnar eru ávalt verklegar og er lykilatriðið að vera með. Kennslustundirnar byggjast á upphitunaræfingum, teygjum, danssporum, dansvenjum, dansspuna og leikjum.

Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Námið er metið út frá þátttöku og hegðun í kennslustundum.

Sviðslistir - Dans

Viðmið úr námskrá

GF sviðslistir 4. bekkur - Dans

- Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama.
- Tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi og virt samskiptareglur.
- Rætt um hreyfingu í takt við tónlist út frá persónulegri upplifun.
- Dansað einföld hreyfimyntur og notað þau í paradönsum, barnadönsum og einföldum þjóðdönsum.
- Tekið tillit til jafningja í samstarfi.
- Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara.
- Hlustað á hugmyndir þeirra og lagt fram eigin.

Textílmennt

Lýsing

Reynt að koma til móts við áhuga nemenda í verkefnavali. Allir fá tækifæri til að læra að þrjóna og ef áhugi er þá velja nemendur sér einfalt viðfangsefni. Í boði er að sauma út, gera púða úr afrakstri, sauma einföld dýr eða bangsa úr filti eða flísefni. Reynt að efla sköpun og sjálfstæð vinnubrögð. Lögð áhersla á að efla úthald og þol og auka einbeitingu.

Markmið – Hvað ætlum við að læra?

Að fitja upp og þrjóna og fella af stykki. Garðapþjón og slétt þjón. Saumavélaæfingar að þræða vélina og spóla á spólu. Beinan saum og sikk sakk, bakka og ganga frá endum. Búin til útsaumsstykki sem nýtt er í púða sem sauma þarf utan um í saumavél.

Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Tilfallandi tæki og tól í textílstofu. Áhersla á endurnýtingu efna og vönduð vinnubrögð. Hugmyndahefti/ handavinnublöð og bækur og efni af vefnum s.s. Pinterest og Youtube.

Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Sýnikennsla og bein kennsla undir leiðsögn. Verklegar æfingar, hugmyndavinna og umræður. Nemendur venjist því að verkefni getur tekið fleiri en eina kennslustund og nauðsynlegt sé að hugsa til enda það sem byrjað er á.

Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Frammistaða og virkni í tímum. Samvinna og framkoma við félaga og starfsfólk. Mat á hvort hæfniviðmiðum námsmarkmiða er náð.

Textílmennt

Viðmið úr námskrá

GF textílmennt 4. bekkur - Sköpun, hönnun og útfærsla

- Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.
- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.
- Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.

GF textílmennt 4.bekkur - Handverk, aðferðir og tækni

- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.
- Unnið úr nokkrum gerðum textílefna.
- Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.

GF textílmennt 4.bekkur - Sköpun, hönnun og útfærsla

- Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.
- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.
- Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.

GF textílmennt 4.bekkur - Menning og umhverfi

- Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.
- Sagt frá nokkrum tegundum textílefna.
- Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.

Upplýsingamennt

Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- Að öðlast skilning á meðferð og notkun tækjanna.
- Þekki grunnatriði í fingrasetningu í tölvu og geti notað litla og stóra stafi í tölvu og iPad.
- Geti notað rafræn kennsluforrit og námsefni sem hæfa aldri og getu.
- Þekki hvað er að finna á bókasafninu og hvernig safnið nýtist í þeim bæði í námi og leik.
- Læra reglur og öryggi á internetinu
- Fá að kynnast undirstöðuatriðum í forritun

Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Chromebooks, Ipad, Osmo, VR-glæraugu.
- Forritunar forrit; Box Island, Run Marco, Osmo Code o.fl.
- Námsíður eins og mms.is, code.org o.fl.
- Námsefni útbúið af kennara

Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Einstaklingsvinna, hópaverkefni, þemanám, samþætting námsgreina og skapandi verkefni.

Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Metið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla. Símat jafnt og þétt yfir veturinn ásamt sjálfsmati.

Upplýsingamennt

Viðmið úr námskrá

GF upplýsinga- og tæknimennt 3.bekkur - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.
- Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.

GF upplýsinga- og tæknimennt 3.bekkur - Sköpun og miðlun

- Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.

GF upplýsinga- og tæknimennt 3.bekkur - Siðferði og öryggismál

- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.